







Allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna: Staða tilmæla

 Þegar komið til framkvæmda	 Viðvarandi verkefni	 Í vinnslu	 Til skoðunar
--	---	---	--

Tilmæli	Staða	Ábyrgð
Viðurkenning alþjóðlegra viðmiða		
Fullgilda og innleiða Samninginn um réttindi fatlaðs fólks. (Tilmæli nr. 115.25)		Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið
Fullgilda valfrjálsa bókun við Samninginn gegn pyndingum. (Tilmæli nr. 115.1 – 115.13 og 115.19)		Dómsmálaráðuneytið
Fullgilda Alþjóðasamninginn um vernd gegn mannhvörfum. (Tilmæli nr. 115.10 – 115.19)		Dómsmálaráðuneytið
Fullgilda Samninginn um stöðu ríkisfangslausra og Samninginn um aðgerðir gegn ríkisfangsleysi. (Tilmæli nr. 115.19)		Dómsmálaráðuneytið
Fullgilda Samning Evrópuráðsins (Istanbúl-samninginn) um forvarnir og aðgerðir til að spyrna við ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. (Tilmæli nr. 115.20)		Dómsmálaráðuneytið
Fullgilda Samninginn um afnám allrar mismununar er varðar menntun. (Tilmæli nr. 117.10)		Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Fyrirvarar		
Endurskoða fyrirvara við Alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi. (Tilmæli nr. 117.12)		Dómsmálaráðuneytið

Samstarf við mannréttindanefndir

Leggja fram þær skýrslur sem eru komnar fram yfir skilafrest til viðeigandi mannréttindanefnda. (Tilmæli nr. 115.21)

Dómsmálaráðuneytið

Samstarf milli ríkja og þróunaraðstoð

Mæta opinberu markmiði um þróunarhjálp sem er 0,7% af vergum þjóðartekjum. (Tilmæli nr. 117.20)

Utanríkisráðuneytið

Stjórnarskrá og löggjöf

Halda áfram að breyta landslögum í samræmi við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar. (Tilmæli nr. 115.23)

Dómsmálaráðuneytið

Innleiða í landslög samninginn um réttindi fatlaðs fólks. (Tilmæli nr. 115.24)

Félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið

Innlend mannréttindastofnun

Gera ráðstafanir til að setja á fót sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin. (Tilmæli nr. 115.26 -115.41)

Dómsmálaráðuneytið

Landsáætlun um mannréttindi

Þróa heildstæða landsáætlun um mannréttindi. (Tilmæli nr. 115.39-115.42)

Dómsmálaráðuneytið

Tryggja að ný landsaðgerðaáætlun feli í sér matskerfi. (Tilmæli nr. 115.93, 117.18 og 117.19)

Dómsmálaráðuneytið

Góðir stjórnarhættir

Bæta fjármálaeftirlitskerfi til að tryggja betra eftirlit og gagnsæi til að koma í veg fyrir spillingu og skattsvik. (Tilmæli nr. 117.23)

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, forsætisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið

Jafnræði og bann við mismunun

Innleiða löggjöf sem felur í sér vernd gegn mismunun intersex fólks. (Tilmæli nr. 115.44)

Forsætisráðuneytið

Innleiða heildstæða löggjöf sem bannar mismunun. (Tilmæli nr. 115.45-115.47 og 115.49-115.50)

Forsætisráðuneytið

Íhuga að taka upp löggjöf sem bannar mismunun og koma á fót sérstakri stofnun sem berst gegn kynþáttamisrétti og mismunun sem gæti haft víðtækari markmið á sviði mannréttinda almennt. (Tilmæli nr. 117.24)

Forsætisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið

Kynþáttamisrétti

Vinna með skilvirkum hætti gegn kynþáttamisrétti og hatursorðræðu og hatursglæpum, mismunun vegna þjóðernisuppruna og trúarbragða, kynþáttafordómum og útlendingahatri, og berjast gegn hatursglæpum með löggjöf, lagaframkvæmd og með stjórnvaldsaðgerðum. (Tilmæli nr. 115.51-115.55, 115.57 og 117.27-117.28)

Dómsmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið

Íhuga að taka upp ákvæði í refsilöggjöf þar sem kynþáttafordómar teljast aðstæður sem auka á saknæmi og leiði til refsipýngingar. (Tilmæli nr. 115.56)

Dómsmálaráðuneytið

Viðskipti og mannréttindi

Tryggja að áætlanir, löggjöf, reglugerðir og fullnusturáðstafanir þjóni þeim tilgangi að koma í veg fyrir þátttöku fyrirtækja í illri meðferð á átakasvæðum, þar með talið við aðstæður sem upp koma við hernám erlends ríkis. (Tilmæli nr. 117.22)

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og utanríkisráðuneytið

Hefja ferli til að móta og innleiða aðgerðaáætlun um viðskipti og mannréttindi í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi. (Tilmæli nr. 117.21)

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og utanríkisráðuneytið

Réttur til lífs

Fylgja eftir samþykkt á aðgerðaáætlun um forvarnir gegn öllum tegundum ofbeldis með það að markmiði að styrkja ramma fyrir verndun allra fórnarlamba, sér í lagi þeirra sem tilheyra viðkvæmum hópum. (Tilmæli nr. 115.62)

Dómsmálaráðuneytið

Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi háttsemi

Setja á fót án tafar skilvirkt, vel mannað og vel búið innlent forvarnarkerfi í samræmi við valkvæða bókun við samninginn gegn pyndingum. (Tilmæli nr. 115.8)

Dómsmálaráðuneytið

Bann við þrælahaldi, mansal

Leggja ríkari áherslu á vinnu við að innleiða áætlun til að sporna gegn mansali. (Tilmæli nr. 115.60)

Dómsmálaráðuneytið

Auka viðleitni til að saksækja og sakfella gerendur í mansalsmálum með þjálfun rannsakenda, saksóknara og dómara í að

Dómsmálaráðuneytið

greina og sækja slík mál. (Tilmæli nr. 115.59)

Auka áherslu á eftirlit og yfirsýn yfir vinnumarkaðinn. Auka vernd gegn mismunun og tryggja fleiri úrræði er lúta að réttindum einstaklinga sem eru þolendur mansals. (Tilmæli nr. 115.61)

Útrýma kynferðisofbeldi gegn börnum og mansali með börn. (Tilmæli nr. 117.37)

Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Dómsmálaráðuneytið

Kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi

Tryggja fullnægjandi lagavernd og endurhæfingu þolenda kynferðisofbeldis. (Tilmæli nr. 117.36)

Framkvæma aðgerðir til eftirfylgni sem tengjast innleiðingu laga og herferða til vitundarvakningar og miða að því að draga úr heimilisofbeldi. Tryggja að refsilög séu viðeigandi og fullnægjandi til þess að taka á heimilis- og kynferðisofbeldi. (Tilmæli nr. 115.84 og 115.88)

Efla ráðstafanir til að auka vitund um heimilisofbeldi. Auka skilning dómara, saksóknara, lögreglu og hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsfólks á heimilisofbeldi. Fylgja eftir aðgerðum sem tengjast innleiðingu laga og herferða til vitundarvakningar og miða að því að draga úr heimilisofbeldi. (Tilmæli nr. 115.86, 115.78 og 115.84)

Uppfæra áætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi. Leggja sérstaka áherslu á að berjast gegn heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi með því að innleiða nýja aðgerðaáætlun og tryggja að í henni sé þjónusta við þolendur kynferðisofbeldis efld, bæði fyrir konur og stúlkur og fyrir innflytjendur og þá sem tilheyra minnihlutahópum. (Tilmæli nr. 115.82, 115.83 og 115.22)

Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Dómsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið

Dómsmálaráðuneytið

Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Bæta aðgengi að réttarkerfinu fyrir konur sem eru þolendur heimilisofbeldis og kynbundins ofbeldis. Fylgjast náið með rannsókn og saksókn mála sem varða heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi, og bæta aðgengi að réttarkerfinu fyrir þolendur slíks ofbeldis. Auka skilning dómara, lögreglu, saksóknara og annars viðeigandi fagfólks á ofbeldi af þessu tagi. Tryggja að þolendur heimilisofbeldis, kynbundins ofbeldis og kynferðisofbeldis geti tilkynnt tilfelli og kært án ótta við neikvæðar afleiðingar þess að tapa málum fyrir dómstólum. (Tilmæli nr. 115.87, 115.89 og 117.34)

Dómsmálaráðuneytið

Gera markvissari ráðstafanir til þess að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, kynferðisofbeldi og brotum gegn konum með sérstaka áherslu á konur af erlendum uppruna og konur með fötlun. (Tilmæli nr. 115.75-115.76)

Dómsmálaráðuneytið

Hrinda í framkvæmd nýrri aðgerðaáætlun í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Taka upp landsáætlun gegn kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi sem tekur mið af sérstökum þörfum og viðkvæmri stöðu kvenna af erlendum uppruna og fatlaðra kvenna. (Tilmæli nr. 115.79-115.81)

Forsætisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Styðja við áætlanir um vitundarvakningu og verkefni um ofbeldi gegn konum, þar með talið þjálfunaráætlunum sem miða að því að auka nærgætni við brotaþola og viðkvæma stöðu þeirra. (Tilmæli nr. 115.77)

Dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið

Taka á orsökum fjölda sýknudóma í kynferðisofbeldismálum gegn konum. (Tilmæli nr. 115.85)

Dómsmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið

Skoðana- og tjáningarfrelsi

Á meðan haldið er áfram að vernda skoðana- og tjáningarfrelsi í samræmi við 73. grein stjórnarskrárinnar, viðhalda 233. grein a. lið hegningarlaga og 27. grein

Dómsmálaráðuneytið

fjölmiðlalaga sem beinlínis banna hatursorðræðu, sem og að hvetja til haturs. (Tilmæli nr. 115.58)

Aðgangur að dómstólum og réttlát málsmeðferð

Gera ráðstafanir til að tryggja að dómstólar séu í aðstöðu til að beita þeim meginreglum sem stafa af Mannréttindasáttmála Evrópu. (Tilmæli nr. 117.15)

Dómsmálaráðuneytið

Réttindi sem varða hjúskap og fjölskyldu

Veita fjölskyldunni vernd sem náttúrulegri grundvallareiningu í samfélaginu. (Tilmæli nr. 117.32)

Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Réttur til félagslegs öryggis

Endurskoða félagslegt bótakerfi til aðstoðar fjölskyldum í viðkvæmri stöðu. (Tilmæli nr. 117.30)

Félagsmálaráðuneytið ásamt fleiri ráðuneytum

Réttur til menntunar

Halda áfram vinnu og forvörnum í baráttunni gegn mismunun, sérstaklega í garð fatlaðra einstaklinga, einkum með tilliti til réttar til menntunar og félagslegrar aðstoðar. (Tilmæli nr. 115.97)

Félagsmálaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið

Taka frekari skref til að auka fjármagn til opinberrar menntunar og halda áfram að bæta aðstöðu barna í skólum. (Tilmæli nr. 117.31)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Þátttaka kvenna í stjórnámum og opinberu lífi

Stuðla að pólitískri þátttöku kvenna í opinberum valdastöðum. (Tilmæli nr. 115.63)

Forsætisráðuneytið og samgöngu- og

sveitastjórnarráðuneytið,
ásamt fleiri ráðuneytum

Mismunun gegn konum og staða kvenna

Halda áfram virkum aðgerðum til að tryggja fullt jafnrétti kynjanna í menntun og á vinnumarkaði. (Tilmæli nr. 115.70 og 115.73)

Forsætisráðuneytið

Efla viðleitni til að auka vitund meðal kvenna og stúlkna um réttindi þeirra samkvæmt samningnum um afnám allrar mismununar gegn konum og einstaka kæruleiðum sem áformuð eru í valkvæðri bókun við samninginn. (Tilmæli nr. 115.65)

Forsætisráðuneytið

Gera almennar ráðstafanir til að útrýma stöðluðum kynjaímyndum um hlutverk og skyldur kvenna og karla, sér í lagi með átaki til vitundarvakningar og fræðslu. (Tilmæli nr. 115.66)

Forsætisráðuneytið

Útrýma þeim vinnubrögðum á vinnumarkaði sem mismuna og hafa skaðleg áhrif á konur. (Tilmæli nr. 117.33)

Forsætisráðuneytið

Taka upp nýja aðgerðaáætlun til fullrar innleiðingar á jafnlaunastaðli til að tryggja jöfn kjör fyrir jafnverðmæta vinnu í viðleitni til að uppfylla skuldbindingar stjórnvalda um að eyða launabili kynjanna fyrir 2022. (Tilmæli nr. 115.71, 115.72 og 115.74)

Forsætisráðuneytið

Hraða því að tekið sé á kynjamisrétti, vernda réttindi kvenna með skilvirkum hætti og vinna gegn ofbeldi gagnvart konum. Tilmæli nr. 115.67)

Forsætisráðuneytið

Þoka áfram aðgerðum sem miða að því að tryggja fulla framkvæmd kvenréttinda, réttinda barna, aldraðra og fatlaðs fólks. (Tilmæli nr. 115.43)

Forsætisráðuneytið og
félagsmálaráðuneytið

Vernd barna

Taka upp nýja landsaðgerðaáætlun með fullnægjandi kerfi til eftirfylgni til verndar börnum. (Tilmæli nr. 115.92)

Félagsmálaráðuneytið, dómismálaráðuneytið og fleiri ráðuneyti

Ýta úr vör samræmdum aðgerðum, skipulögðum af stjórnvöldum sem miða að því að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum. Taka frekari skref til að vernda rétt barnsins, koma í veg fyrir barnaníð, barnaprælkun og ofbeldi. Auka faglegar og skilvirkar starfsaðferðir til þess að taka á kynferðisofbeldi gegn börnum. (Tilmæli nr. 115.90, 115.91, 115.94 og 115.95)

Félagsmálaráðuneytið og dómismálaráðuneytið

Börn sem brjóta af sér

Tryggja að frelsissvipt börn séu aðskilin frá fullorðnum. (Tilmæli nr. 117.35)

Dómismálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Fólk með fötlun

Leggja meiri áherslu á að vinna gegn og koma í veg fyrir mismunun, sérstaklega gegn fötluðu fólki, einkum með tilliti til réttar til náms, húsnæðis og félagslegrar aðstoðar Halda áfram vinnu og forvörnum í baráttunni gegn mismunun, sérstaklega í garð fatlaðra einstaklinga, einkum með tilliti til réttar til náms og félagslegrar aðstoðar. (Tilmæli nr. 115.96)

Dómismálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið

Festa í lög víðtæk ákvæði sem sporni gegn hvers kyns mismunun og aðlaga löggjöf að samningnum um réttindi fatlaðs fólks. (Tilmæli nr. 115.48)

Forsætisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Innflytjendur, flóttafólk og fólk í leit að alþjóðlegri vernd

Styrkja áætlanir um fólksflutninga sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum allra innflytjenda. Gera ráðstafanir til að

Dómismálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

stuðla að og vernda rétt innflytjenda og fjölskyldna þeirra. (Tilmæli nr. 115.99-115.100)

Taka upp heildstæða aðlögunarstefnu sem tryggir aðlögun innflytjenda og eykur vitund innflytjendakvenna á réttindum þeirra og vernd. Þróa áætlanir og stefnu til að auka vitund innflytjenda um réttindi sín og veita ókeypis lögfræðiaðstoð og skilvirk úrræði ef og þegar réttindi þess eru brotin. (Tilmæli nr. 115.101-115.102)

Bæta aðgengi barna af erlendum uppruna að heilbrigðiskerfinu. (Tilmæli nr. 115.98)

Styrkja ráðstafanir fyrir skilvirka innleiðingu á lagareglum vegna innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda, einkum með því að þjálfa starfsfólk á þessu sviði sem og að hraða vinnu að því að taka upp aðgerðaáætlun 2016- 2019 til að tryggja að þessir hópar geti tekið fullan þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli. (Tilmæli nr. 115.103-115.104)

Endurskoða löggjöf til að tryggja að hún sé í fullu samræmi við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og alþjóðasamninga um flóttamenn og hælisleitendur. (Tilmæli nr. 117.40)

Félagsmálaráðuneytið

Heilbrigðisráðuneytið

Félagsmálaráðuneytið
og dómismálaráðuneytið

Dómismálaráðuneytið